
Eldisgarður Samherja fiskeldis á Reykjanesi

Reykjanesbæ

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 27. september 2021 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Samherja Fiskeldis ehf. vegna umhverfismats fiskeldisstöðvar á Reykjanesi með 40.000 tonna framleiðslugetu á ári samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 10.19 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjanesbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, HS Orku hf., Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands um matsáætlun Samherja Fiskeldis.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Eldisgarður, eldisstöð á Reykjanesi. Matsáætlun. Samherji Fiskeldi, september 2021.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá Reykjanesbæ 24. nóvember 2021, Fiskistofu 23. nóvember 2021, Hafrannsóknastofnun 8. nóvember 2021, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja 11. nóvember 2021, Matvælastofnun 3. nóvember 2021, Minjastofnun Íslands 3. nóvember 2021, Náttúrufræðistofnun Íslands 5. nóvember 2021, Orkustofnun 11. nóvember 2021, Samgöngustofu 19. október 2021, Stolt Sea Farm 3. nóvember 2021, Umhverfisstofnun 5. nóvember 2021 og Veðurstofu Íslands 22. nóvember 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 21. desember 2021 og 16. febrúar 2022.

3 Framkvæmd og umhverfisáhrif

Í matsáætlun Samherja fiskeldis eru kynnt áform fyrirtækisins um byggingu og rekstur fiskeldisstöðvar með 40.000 tonna framleiðslugetu á ári í Auðlindagarði HS Orku við Garð á Reykjanesi og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Fiskeldisstöðin samanstendur af seiðastöð með 6.000 m³ eldisrými, áframeldisstöð með 410.000 m³ eldisrými, hreinsistöð og sláturhúsi ásamt þjónustubyggingum. Framleiðslugeta stöðvarinnar verður 40.000 tonn á ársgrundvelli og standandi lífmassi að hámarki 20.000 tonn. Laxahrogn verða fengin frá Stofnfiski og bleikjuhrogn frá Hólum eða klakfiskastöð Samherja fiskeldis í Sigtúnum. Til framleiðslunnar þarf um 20.000 l/s af jarðsjó sem áformað er að bora eftir innan lóðar, 3.200 l/s af 32-37°C ylsjó sem kemur frá Reykjanesvirkjun og 50 l/s af ferskvatni sem verður leitt inn á lóðina



með veitukerfi HS-Orku. Fast efni verður síað úr frárennsli í hreinsistöð áður en því verður veitt til sjávar.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar Samherja fiskeldis framkvæmdaraðila.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í matsáætlun Samherja Fiskeldis kemur fram að aðalvalkostur er að byggja eldisstöð í Auðlindagarðinum með ársframleiðslugetu upp á 40.000 tonn. Fram kemur að í umhverfismatsskýrslu verði lagt mat á ólíka kosti við fyrirkomulag fráveitu. Jafnframt kemur fram að starfsemin verði annað hvort á suður- eða norðurlóð í Auðlindagarðinum.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að umhverfismat Eldisgarðs verði nýtt til að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma. Þar sem um mjög mikla grunnvatnsvinnslu er að ræða beinir Skipulagsstofnun því til Samherja fiskeldis að setja fram í umhverfismatsskýrslu kosti um mögulega áfangaskiptingu uppbyggingar og grunnvatnsvinnslu. Með því móti væri unnt að staldra við og leggja mat á reynsluna af fyrsta áfanga áður en ráðist er í síðari áfanga og framleiðslu með fullum afköstum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir þeim kostum sem eru á staðsetningu framleiðslunnar á norður- eða suðurlóð í Auðlindagarðinum. Brýnt er að greina frá vali á kostum að teknu tilliti til umhverfisáhrifa.

Framkvæmdasvæði

Í matsáætlun kemur fram að starfsemin verði á lóð sem sé um 20 ha. Ekki kemur fram hvað sé á framkvæmdasvæðinu í dag að öðru leyti en að þær lóðir sem eru til skoðunar séu að mestu þaktar nútímahraunum og klöppum. Ekki er ljóst hvort svæðið sé raskað, gróið eða sandorpið. Það er því ekki ljóst hvert verndargildi svæðisins er. Engar ljósmyndir eru af svæðinu í matsáætlun.

Í matsáætlun kemur fram að ekki standi til að meta áhrif á gróður og fugla í umhverfismatsskýrslu. Gróðurfari svipi til svæðis umhverfis lóðirnar, verndargildi vistgerða á svæðinu sé lágt eða í meðallagi og engin mikilvæg fuglasvæði séu á eða nálægt framkvæmdasvæðinu.

Skipulagsstofnun telur að ekki þurfi að ráðast í gróðurkortlagningu eða vistfræðilega úttekt á því hvort fuglar verpi eða afli fæðu á svæðinu. Nauðsynlegt sé hins vegar að greina í umhverfismatsskýrslu frá því að hvaða marki svæðið sé raskað eða gróið og meta hver verði áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á náttúrufar svæðisins.

Grunnvatn

Í matsáætlun Samherja fiskeldis kemur fram að verkfræðistofa muni taka að sér að útbúa líkan sem sýnir aukna nýtingu á jarðsjó á svæðinu og hvernig framkvæmdin getur mögulega haft áhrif á grunnvatnsstöðu.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að skoða þurfi hugsanleg áhrif á aðra starfsemi sem nýti sömu, eða tengda auðlind, einkum Stolt Sea Farm og Reykjanesvirkjun. Meta þurfi hvort slík vatnstaka hafi áhrif á jafnvægi jarðsjávar og ofanálíggjandi ferskvatnslinsu.

Í umsögn Veðurstofu Íslands er lögð áhersla á mikilvægi þess að gera grein fyrir aðrennslissvæði þeirra borhola sem muni verða notaðar til framleiðslunnar, mögulegu áhrifasvæði og að álagsþol svæðisins verði metið. Vakta þarf grunnvatnsstöðu og tryggja að ástandið sé ásættanlegt og innan viðundandi marka. t.d. hvað varðar mögulegan niðurdrátt á svæðinu og breytingar á seltu.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatskýrslu verði gerð grein fyrir staðsetningu borhola og aðrennissvæði þeirra. Lagt verði mat á mögulegt áhrifsvæði framkvæmdar og álagsþol veitisins. Í umhverfismatskýrslu verður gerð grein fyrir samlegðaráhrifum með Reykjanesvirkjun vegna töku á jarðsjó sem og ef við á, annarri starfsemi sem nýtir sama grunnvatnshlot.

Í ljósi þess hve umfangsmikla vatnstöku fyrirhuguð starfsemi felur í sér, undirstrikar Skipulagsstofnun mikilvægi þess að mat á áhrifum grunnvatnsvinnslu verði ítarlegt. Skipulagsstofnun bendir á að við mat á áhrifum þarf að taka tillit til hámarksvinnslu sem og meðalvinnslu. Mikilvægt er að leggja mat á aðrennissvæði vatnsbóla, umfang niðurdráttar og breytingar á seltu. Jafnframt þarf mat á áhrifum á grunnvatn að svara því hvort og þá hvernig vatnstaka Eldisgarðs Samherja fiskeldis takmarkar vatnsvinnslu annarra notenda á svæðinu. Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif bág staða grunnvatns í náttúrulegum sveiflum hefur á vatnsvinnslu á svæðinu.

Viðtaki fráveitu

Í matsáætlun kemur fram að frárennislisvatn eldisstöðvarinnar verði að hluta eða öllu leiti leitt til sjávar samhliða frárennslu Reykjanesvirkjunar og Stolt Sea Farm sem komi mögulega til með að auka álag á viðtakann. Í frummatkýrslu verða bornir saman tveir valmöguleikar fyrir lagningu frárennslis; vesturleið og norðurleið. Jákvæð áhrif á viðtakann verða þau að frárennislisvatn frá fiskeldisstöðinni mun þynna út frárennslu Reykjanesvirkjunar og þar með lækka hitastig og kísilinnihald þess.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að gera þurfi grein fyrir tilhögun frárennslisins í viðtakann. Upplýsa þarf um heildarfrárennslu m.t.t. vatnsmagns og persónueininga (pe.) þegar litið er til mengunar. Bent er á að um mjög stóra framkvæmd er að ræða og ef frárennslid er það sama og áætluð vatnstaka þá verður það um fjórfalt meðalrennslu Elliðaáa.

Í svörum Samherja fiskeldis kemur fram að í umhverfismatskýrslu verði gerð grein fyrir tilhögun frárennslisins í viðtakann, heildarfrárennslu bæði m.t.t. vatnsmagns og persónueininga. Unnið verði líkan sem sýni þynningu frárennslis í viðtaka og lagt mat á samlegðaráhrif með annarri starfsemi sem er fyrir eða fyrirhuguð á svæðinu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á fornleifar, eins og þeim er lýst í matsáætlun Samherja og svörum við umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Vöktun

Í matsáætlun kemur fram að gert er ráð fyrir að sett verði upp sams konar vöktunaráætlun og Samherji fiskeldi er með í öðrum eldisstöðvum sínum þar sem mánaðarlega eru tekin sýni úr frárennslinu og þau send til greininga á lífrænum efnun. Þar að auki verða reglulegar tekin vatnssýni í samræmi við vottanir og starfsleyfi.

Í umsögn Veðurstofu Íslands er bent á nauðsyn þess að vakta ástand grunnvatnsveitisins. Fiskeldi sé í miklum vexti á þessu svæði og mikilvægt er að settir séu fram gæðastaðlar, viðmið og viðbragðsáætlun þannig að tryggt sé að veitirinn anni þeirri vatnstöku sem er áformuð.

Í svörum Samherja fiskeldis kemur fram að í umhverfismatskýrslu verði gerð grein fyrir vöktun, viðmiðum og hvernig verður brugðist við ef niðurstaða vöktunar reynist ekki ásættanleg.

Skipulagsstofnun tekur undir með Veðurstofu Íslands og telur brýnt að vakta áhrif af vatnsvinnslu á svæðinu. Nauðsynlegt er að vöktunaráætlun feli m.a. í sér viðmið sem talin eru ásættanleg fyrir stöðu grunnvatns á svæðinu og ráðgert er styðjast við sem og viðbragðsáætlun ef niðurstaða vöktunar reynist ekki ásættanleg. Ef bora þarf sérstakar eftirlitsholur vegna vöktunar þarf að gera grein fyrir því í umhverfismatskýrslu.



4 Niðurstaða


Í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða matsáætlun Samherja fiskeldis ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu þarf að:

1. **Valkostir - áfangaskipting.** Gera grein fyrir kostum við áfangaskipta uppbyggingu starfseminnar.
2. **Valkostir - lóðarval.** Gera grein fyrir kostum við lóðarval í Auðlindagarðinum og valkosti Samherja fiskeldis að teknu tilliti til umhverfisáhrifa kostanna.
3. **Framkvæmdasvæði.** Greina frá því að hvaða marki svæðið sé raskað eða gróið og meta hver verði áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á náttúrufar svæðisins.
4. **Grunnvatn.** Meta áhrif af vatnsvinnslunni með hliðsjón af hámarksvinnslu sem og meðalvinnslu. Mat á áhrifum af grunnvatnsvinnslunni þarf að fela í sér mat á aðrennslissvæði vatnsbóla, umfang niðurdráttar og breytingar á seltu. Jafnframt þarf mat á áhrifum á grunnvatn að svara því hvort og þá hvernig vatnstaka Eldisgarðs Samherja fiskeldis takmarkar vatnsvinnslu annarra notenda á svæðinu. Meta þarf sérstaklega hvaða áhrif bág staða grunnvatns í náttúrulegum sveiflum hefur á vatnsvinnslu á svæðinu.
5. **Vöktun.** Gera grein fyrir vöktun á vatnafari svæðisins sbr. ábendingar Veðurstofu Íslands. Nauðsynlegt er að vöktunaráætlun feli m.a. í sér viðmið sem talin eru ásættanleg fyrir stöðu grunnvatns á svæðinu og ráðgert er styðjast við sem og viðbragðsáætlun ef niðurstaða vöktunar reynist ekki ásættanleg. Ef bora þarf sérstakar eftirlitsholur vegna vöktunar þarf að gera grein fyrir því í umhverfismatsskýrslu.

Reykjavík, 16. febrúar 2022


Egill Þórarinnsson


Sigurður Ásbjörnsson